



HLL2A05 – Hljóðsetning (leiklist)

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar:

Curver Thoroddsen

Netfang/netföng:

curver.thoroddsen@borgo.is

Lýsing:

Í þessum áfanga er farið í leiklistartengda hljóðvinnslu og hljóðhönnun.

Nemendur þjálfast í upptökum á tali og hljóðum auk notkun einfaldra hljóðvinnsluforrita. Þeir prófa að taka upp ljóðaflutning, hljóðsetja smásögu og teiknimynd ásamt því að gera tilraunir með leikhúshljóð á sviði. Lokaverkefni áfangans er hljóðritun og útsetning á útvarpsleikriti.

Þessi áfangi er í anda „lært með að gera“ hugmyndafræði John Dewey og er því byggður upp á stuttum og fjölbreyttum æfingum til að gefa nemendum reynslu og „verkfæri“ til að vinna hljóð fyrir leikhús. Samhliða því að vinna jafnt og þétt í æfingaverkefnum kynnast nemendur faglegum og listrænum hluta hljóðhönnunar og hljóðvinnslu.

Þekking, leikni, hæfni:

ÞEKKING - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu, færni og skilning á:

- hvernig hljóðnotkun og hljóðvinnsla getur lyft leikriti upp á annað stig
- hvað telst vera gott hljóð og hvernig sé hægt að ná því fram
- helstu og mikilvægustu hugtök hljóðvinnslu
- hvernig mismunandi notkun hljóðs hefur áhrif á frásögn og leikgerð

LEIKNI - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota hljóðnema, bæði í upptöku og á sviði
- nota ýmiskonar upptökutæki og forrit til að taka upp hljóð
- vinna með hljóð í hljóðvinnslu- og vídeóklippiforritum (Audacity, Adobe Premiere og Audition)
- ná í og nota hljóðbúta af hljóðveitum eins og freesound.org, soundbible.com o.fl.
- vinna á sjálfstæðan, ábyrgan og skapandi hátt undir leiðsögn

HÆFNI - Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka upp hljóð í ásættanlegum gæðastandard.
- taka upp, hljóðsetja og hljóðhanna frásögn eins og t.d. útvarpsleikrit, smásögu eða upplestur.
- nota hljóðhönnun og áhrifshljóð til að ýta undir og styrkja frásögn í leikgerð í upptöku og sviði.
- mynda hljóðheim í kringum frásögn svo úr verði áhrifarík heild.



Námsmat:

5% Verkefni 1: Hljóðgreining á leikriti
10% Verkefni 2: Hljóðsetningarverkefni (Fundíð myndefni)
5% Verkefni 3: Hljóðsetningarverkefni (Ísland á filmu)
10% Verkefni 4: Hljómsveitarverkefni (Grænt sápuþykki)
20% Verkefni 5: Talsetning á teiknimynd (Adventure Time)
10% Verkefni 6: Hreinsun á hljóði (Sjón flytur súrrealískt ljóð í Stundinni okkar)
25% Lokaverkefni: Upptaka, hreinsun og hljóðsetning á smásögu (Helen Cova)
15% Virkni, viðvera og vinnubrögð

100% SAMTALS

Námsgögn:

Mikilvægt er að **nemendur mæti með sín eigin heyrnartól** svo þeir geti unnið í kennslustundum. Innlagnir kennarans eru í kennslustundunum því er mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma enda er aðallega um verklega kennslu að ræða auk þjálfunar í notkun á tækjakosti skólans.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Skólasókn: Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og mæta stundvíslega til kennslu.

Seinkomur og fjarvistir: Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5.

Farsímar: Ekki er leyfilegt að nota eða hafa farsíma/spjaldtölvur uppi við í kennslustundum nema með leyfi.

Nota heyrnartól og virða vinnufrið samnemanda.

Neysla matar í kennslustofunni er óheimil en leyfilegt er að vera með vatn í lokuðum ílátum.

Verkefnaskil: Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma.

Umgengni: Nemendur eru ábyrgir fyrir að skilja við kennslustofuna í sama ástandi og hún var þegar kennslustundin hófst.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Fyrsti tíminn, kynningar	
2	9.-13. janúar	Verkefni 1: Hljóðgreining á leikriti	5%
3	16.-20. janúar	Verkefni 2: Hljóðsetningarverkefni (Fundið myndefni)	10%
4	23.-27. janúar		
5	30. jan- 3. febrúar	Verkefni 3: Hljóðsetningarverkefni (Ísland á filmu)	5%
6	6.-10. febrúar		Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar		Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar		Vorannahlé
9	28. febrúar- 3. mars	Verkefni 4: Hljómsveitarverkefni (Grænt sápuþykki)	10%
10	6.-10. mars		
11	13.-17. mars		
12	20.-24. mars	Verkefni 5: Talsetning á teiknimynd (Adventure Time)	20%
13	27.-31. mars		Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl		10%
16	17.-21. apríl	Verkefni 6: Hreinsun á hljóði (Sjón flytur súrrealískt ljóð í Stundinni okkar)	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl		Vörðuvika II
18	1.-5. maí		Dagur verkalyðsins
19	8.-12. maí		
20	15.-16. maí	Lokaverkefni: Upptaka, hreinsun og hljóðsetning á smásögu (Helen Cova)	25% Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.